

## **Frá yfirkjörstjórnum í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður**

### **Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 25. júní 2016**

Yfirkjörstjórnir Reykjavíkurkjördæma norður og suður koma saman til fundar í Ráðhúsi Reykjavíkur, fundarherbergi borgarráðs, föstudaginn 13. maí nk., milli kl. 13.00 og 15.00, til að veita viðtöku listum meðmælenda frambjóðenda til embættis forseta Íslands. Stefnt er að því að vottorð yfirkjörstjórnanna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands verði afhent á fundi föstudaginn 20. maí nk., kl. 13.00.

Mæli kjósandi með fleiri en einum frambjóðanda verður nafn hans fjarlægt af báðum/öllum listum.

Eyðublöð fyrir lista meðmælenda má nálgast á kosningavef innanríkisráðuneytisins [www.kosning.is](http://www.kosning.is) en þar má einnig finna upplýsingar um framkvæmd kosninganna. Óskað er eftir því að listar meðmælenda séu blaðsíðusettir.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælst til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsþæði á [www.island.is](http://www.island.is) áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

Kosningavefur Reykjavíkurborgar verður á slóðinni [www.reykjavik.is/kosningar](http://www.reykjavik.is/kosningar). Fyrirspurnum má beina til skrifstofu borgarstjórnar gegnum netfangið [kosningar@reykjavik.is](mailto:kosningar@reykjavik.is).

*Reykjavík, 6. maí 2016.*

*F.h. yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi norður,*

**Erla S. Árnadóttir**

**Arnar Þór Stefánsson**

**Fanný Gunnarsdóttir**

**Páll Halldórsson**

**Tómas Hrafn Sveinsson**

*F.h. yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi suður,*

**Sveinn Sveinsson**

**Heimir Örn Herbertsson**

**Sjöfn Ingólfssdóttir**

**Þóra Hallgrímsdóttir**

**Puríður Jónsdóttir**